

Nr. 19/1894: Stjórn hins íslenska bíflíufjelags
 gegn
 fyrrum háyfirdómara Jóni Pjeturssyni.
 urssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af stjórn hins íslenska bíflíufjelags gegn fyrrum háyfirdómara Jóni Pjeturssyni til greiðslu á 600 kr. með vöxtum, er stjórn bíflíufjelagsins taldi stefnda eiga að greiða fjelaginu; en með dómi gengnum 9. nóv. f. á, var stefndi, Jón Pjetursson, sýknaður af kröfum bíflíufjelagsins og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir stjórn bíflíufjelagsins áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 1. maímán. þ. á. og fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann. Hefir áfrýjandi krafizt þess fyrir landsyfirdómi, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða hinu íslenska bíflíufjelagi 600 kr. með 4% vöxtum frá 16. apríl 1889 til borgunardags, og að hann verði dæmdur til að greiða fjelaginu allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi með einhverri eptir mati rjettarins nægilegri upphæð, svo sem það ekki væri gjafsóknarmál. Hins vegar hefir hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð.

Málsatvik eru sem nú skal greina:

16. aprílmán. 1885 fjekk Kristján bóksali Þorgrímsson að láni úr sjóði hins íslenska bíflíufjelags 600 kr. gegn öðrum veðrjetti í húseign sinni nr. 2 á Arnarhólslóð;

áður hafði verið lánað gegn 1. veðrjetti í eigninni 2600 kr. hjá sparisjóði Reykjavíkur. Húsið (lóðarlaust) var virt til brunabóta 4650 kr. Fám dögum síðar tók ritstjóri Jón Ólafsson, er þá var orðinn eigandi húseignarinnar, að sjer nefnda 600 kr. skuld. 4 árum síðar fór Jón Ólafsson af landi burt, og voru frá þeim tíma ekki greiddir vextir af láninu. Sumarið 1891 ljet 1. veðhafi selja veðið á nauðungaruppboði, og er ekki bauðst í veðið svo að nægði til greiðslu skuldarinnar, 2600 kr., áfallinna vaxta og kostnaðar, var 1. veðhafa lagt út húsið.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi sje skyldur til að greiða sjer umræddar 600 kr. með vöxtum frá 16. apríl 1889 fyrir þá sök, að hann hafi farið óhyggilega og óforsjállega að ráði sínu, er hann, sem þá var gjaldkeri hins íslenska bíflíufjelags, er ofan nefnt 600 kr. lán var veitt úr sjóði fjelagsins, lánaði gegn 2. veðrjetti svo mikið fje, að meiru nam — að meðtaldri veðskuldbinni með 1. veðrjetti — en helmingi virðingarverðs á eigninni, eins og líka að hann hafi veitt lánið án samþykkis eða útgjaldaskipunar frá hinum stjórnendum fjelagsins, forseta og skrifara. Loks telur áfrýjandi, að 14. gr. bíflíufjelagslaganna gjöri stefnda að skyldu að greiða optnefndar 600 kr. (með vöxtum), þar sem eptir atvikum megi líta svo á, sem þetta fje, er hann lánaði úr fjelagssjóði ólöglega, sje í sjóði hjá honum, en fyrir því fje, sem í sjóði sje eða eigi að vera, hafi stefndi ásamt hinum stjórnendum verið fjelaginu »solidarísk« ansvarlegur.

Samkvæmt lögum bíflíufjelagsins er það á valdi fjelagsstjórnarinnar — því í þeim eru engar ákvarðanir eða reglur settar um lánveitingar úr sjóðnum — gegn

hverri ábyrgð eða tryggingu hún vill lána fje úr sjóðnum; verður það því í hvert skipti að vera álitismál, hvort hún hafi veitt lán úr fjelagssjóði svo óforsjállega eða ráðdeildarlaust, að hún hljóti að bæta tjón það, er af hlýzt. Gegn neitun stefnda er það ekki sannað í málinu, að hann hafi veitt umgetið lán án samþykkis hinna annara stjórnenda eða án útgjaldaskipunar; verður því að líta svo á, að lánið hafi verið veitt af stjórninni í heild sinni, eða í öllu falli að hún hafi samþykkt lánveitinguna eptir á; en hvort hún í heild sinni hafi við lánveitingu þessa rasað svo fyrir ráð fram, að hún sje skaðabótaskyld, skal nú tekið til álita. Áfrýjandi heldur því fram, að það sje orðin fóst venja að lána ekki meira fje úr almennum sjóðum gegn veði í húseignum en helming virðingarverðs; þetta hefir stefndi vefengt, en áfrýjandi ekki sannað, enda er að því þetta lán snertir, ekki einu sinni víst, hvort það, sem lánað var samtals út á húseignina, nam meiru en hálfu virðingarverði húseignarinnar, því virðingargjörð á henni hefir ekki komið fram í málinu, heldur að eins á húsinu lóðarlausu, og er hún 4650 kr. Það er nú óefað, að lóðin sem fylgdi húsinu var nokkurs virði, og með tilliti til þess og með hliðsjón af þeirri sögn stefnda, sem ekki hefir verið mótmælt, að verð á húseignum hjer hafi verið stíganandi, er lánið var veitt, virðist ekki ástæða til að ætla, að lánið, þegar það var veitt, hafi verið svo illa tryggt, að stjórn fjelagsins eða stefndi hafi blotið að sjá eða átt að sjá, að tjón mundi af hljótast, en það hlýtur að vera skilyrði fyrir, að af þeim verði heimtaðar skaðabætur. Að 14. gr. biflutjelagslaganna gjöri stjórnendum þess að skyldu að ábyrjast einn fyrir alla og allir fyrir einn sjerhvert það tjón, er kann að rísa

af lánveitingum þeirra, er fjarstætt rjettri þýðingu þessarar greinar, sem að eins á við fje það, sem er í sjóði hjá fjehirði; en að líta svo á, að þessar 600 kr. hafi verið eins og í sjóði hjá fjehirði, af því hann hafi lánað þær út heimildarlaust, getur ekki verið rjett eptir því sem að framan segir.

Samkvæmt áður sögðu verður því að sýkna hinn stefnda af kærnum og kröfum áfrýjanda í þessu máli. Eptir atvikum virðist málskostnaður fyrir báðum dómum eiga að falla niður og verða hinum skipaða talsmanni áfrýjandans samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málfutningslaun.

Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn, vottast að flutningur þess hefir verið forsvaranlegur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda bæjarþingsdómi skal óraskað.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 23/1894.

Sigurlaug Sveinsdóttir
gegn
dánar- og protabúi Jóns Einarssonar,
Jóni Bjarnasyni o fl.

D ó m u r:

Eptir að dánar- og protabúi Jóns Einarssonar á Gamla-Hliði var skipt 23. ágústmán. 1893, fjekk áfrýjandi, ekkjan Sigurlaug Sveinsdóttir, sem hafði talið til skuldar í búinu, án þess kröfu hennar væri að neinu sinnt, gjafsókn til áfrýjunar á skiptunum 22. jan. p. á.,